

## 1. Almenn:

Rifós hf. (kt. 500692-2869), Lóni Kelduhverfi, 671 Kópaskeri sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir seiðaeldisstöð sína að Röndinni, 671 Kópaskeri, fyrir hámarkslífmassa upp á 400 tonn í seiðaeldi á laxi, dags. 1. desember 2020.

Fyrirhuguð fiskeldisstöð Rifós hf. að Röndinni við Kópasker er landeldi með frárennsli í niðurgrafinni, 150 cm sverri frárennislögn og stökk allt að 5 metra út fyrir stórstraumsfjöru í Axarfirði. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum kerum verða ristar til að hindra að fiskur geti komist úr kerunum og þar að auki fer allt frárennsli í síun í gegnum tromlufilter. Óverulegar líkur eru taldar á slyssleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna nýs rekstrarleyfis Rifós hf. fyrir hámarkslífmassa upp á 400 tonn í eldi laxaseiða kemur fram að umfang framleiðslu sé töluvert, en að hafa beri í huga að um svokallaða endurnýtingastöð sé að ræða sem nær allt að 70% endurnýtingu á vatni. Því sé eldisstöðin minni að umfangi en framleiðslumagn segir til um ásamt því að nýting náttúruauðlinda, þ.e. grunnvatns, sé minni en ef um gegnumstreymisstöð væri að ræða. Stórar lífrænar leifar frá eldinu verða skildar frá eldisvatni sem rennur frá stöðinni með tromlufilterum og því munu einungis uppleyst næringarefni berast í viðtaka. Frárennsli frá eldisstarfsemi að Röndinni liggur í Öxarfjörð sem er stórt vatnshlot og vel opið fyrir öldu. Vatnshlotið er ekki talið í hættu. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögumtætt grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 26. febrúar til 26. mars 2021. Engin athugasemd barst vegna tillögunnar.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Rifós hf. að Röndinni var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 15. júní 2020. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 1. júlí 2020 þess eðlis að vegna umfangs framkvæmdar legði stofnunin til að framkvæmdin yrði háð mati á umhverfisáhrifum. Matvælastofnun gerði athugasemd við að eingöngu væri fjallað um framleiðslumagn og óskaði eftir því að framkvæmdaraðili skilgreindi hámarkslífmassa fyrir stöðina. Framkvæmdaraðili varð við því.

Matvælastofnun taldi að umfjöllun um heilbrigðismál eldisfisksins væri ábótavant. Í tilkynningunni um framkvæmdina var sagt „þar sem um er að ræða fiskeldi á landi eru sníkjudýr og sjúkdómar ekki til staðar í fiskeldinu“ en staðhæfingin var röng m.t.t. heilbrigði laxfiska og eldisaðstæðna á landi. Það sem væri hagstætt við að ala laxfiska í lokuðu landeldi væri að við slíkar aðstæður væri ekki hætt á þörungablóma, laxa- og fiskilús og marglyttum. Landeldi verði hins vegar aldrei rekið án aðkomu örvera, þá helst ýmiskonar baktería en sníkjudýr og veirur gætu einnig komið við sögu. Bakteríusýkingar væru vel þekktar í landeldi laxfiska og í eldi stórseiða væri nauðsynlegt að hafa öflugar forvarnir á borð við bólusetningar. Í dag væru hvergi alin laxaseiði í sjó nema þau væru bólusett fyrir flutning úr ferskvatni í sjó. Matvælastofnun taldi nauðsynlegt að gera heilbrigðismálum og tengdum forvörnum betri skil í framkvæmdaáætlun ásamt því að upplýsa um aðferð við hreinsun á sjálfdaudum seiðum úr kerum og meðhöndlun dauðfisks.

Í svörum framkvæmdaraðila sem koma fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að sjúkdómavarnir móti bakteríum og örverum felist m.a. í því að allur fiskur verði bólusettur 6 vikum áður en hann kemur í

stöðina með 5 þátta bóluefni. Jafnframt kemur fram að dauður fiskur verði fjarlægður tvisvar sinnum á dag, hann malaður upp og settur í maurasýru.

Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slyasleppingum. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 21. september 2021 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Rifós hf. að Röndinni við Kópasker er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Norðurþingi þann 18. janúar 2021 vegna nýs rekstrarleyfis Rifós hf. að Röndinni við Kópasker

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu. Í umsögn Norðurþings, sem barst 27. janúar 2021, kemur fram að hafin sé uppbygging fiskeldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri til samræmis við ákvæði deiliskipulags svæðisins. Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings telur ekki að fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar né eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 8. febrúar 2021, kemur fram að ef komi til sleppinga úr stöðinni gefi eldistegund, eldisstofn og eldisaðferð tilefni til neikvæðra vistfræði- og erfðafræðiáhrifa.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvarinnar að Röndinni er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Allt frárennsli frá kerjum rennur í gegnum ristar til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi og þar að auki fer allt frárennsli í gegnum tromlufilter.

### 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Rifós hf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 400 tonn til seiðaeldis á laxi að Röndinni við Kópasker.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 21. maí 2037.

Selfossi, 21. maí 2021